

**Nefndasvið Alþingis  
Menntamálanefnd  
b/t Elísabetar Ránar Andrésdóttur, nefndarritara  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík**



Reykjavík, 28. desember 2006.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 122/2000 um Ríkisútvarpið (24. mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er m.a. ætlað að breyta stjórn Ríkisútvarpsins.*

#### **Innlent efni**

Í 1. gr. er lagt til að bætt verði við lög um RÚV ákvæði um að stefnt skuli að því að hlutur innlends efnis sé sem mestur. Ef ríkið ætlar sér að standa í fjölmiðlarekstri er að sjálfsgöðu eðlilegast að slíkir fjölmiðlar sinni eingöngu menningarhlutverki með því að birta fyrst og fremst innlent menningarefni. Nægt framboð er í einkareknum fjölmiðlum af erlendu efni og öðru afþreyingarefni. Það er því enginn þörf á því að ríkið stundi samkeppni við einkaaðila hvað þetta varðar, t.d. með því að sýna amerískt afþreyingarefni. Viðskiptaráð tekur því undir þau sjónarmið sem fram koma í greininni.

#### **Stjórn RÚV**

Í 2. til 7. gr. eru lagðar til breytingar á stjórn RÚV. Viðskiptaráð sér ekki ástæðu til þess að stjórnfyriðkomulag RÚV ætti að vera með öðrum hætti en annara stofnana á vegum ríkisins. Það er óeðlilegt að aðrir en eigandi stofnunarinnar, þ.e. ríkið, stýri henni. Þess vegna væri mjög óeðlilegt fyrirkomulag að t.d. starfsmenn eða utanaðkomandi hagsmunaaðila komi að stjórn stofnunarinnar.

#### **Afnotagjöld**

Í 8. og 9. gr. eru lagðar til breytingar á innheimtu afnotagjalda. Viðskiptaráð hefur áður list þeirri skoðun sinni að einfaldasta og hagkvæmasta leiðin til að standa straum af kostnaði við rekstur RÚV sé að setja stofnunina á fjárlög þannig að almennir skattar standi straum af rekstrinum. Með slíku fyrirkomulagi þyrfti ekki að halda úti sérstöku innheimtuferli í kringum þessa gjaldtöku.

**Viðskiptaráð leggur til að aðeins 1. gr. nái fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

---

Davíð Þorláksson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs